



## ADALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

Skipulagslýsing – stefna fyrir áhrifasvæði Búrfellslundar og  
nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði

29.01.2024



## UPPLÝSINGAR

### SKJALALYKILL

108355-01-LYS-001-V02

### HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

### RÝNT

Anna Bragadóttir

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR	4
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
3.2	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	6
3.3	Samræmi breytingar við gildandi stefnur	7
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	7
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	7
5.1	Umhverfisþættir og áherslur	7
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	9
6.1	Umsagnaraðilar	9
6.2	Skipulagsferli	9

## 1 INNGANGUR

Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Með breytingunni verður mörkuð stefna um áhrifasvæði fyrirhugaðs Búrfellslundar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps og sett inn nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði austan við Sultartangastöð og skammt vestan Þjórsár. Sveitarfélagið metur stefnu gildandi aðalskipulags þannig að hún komi ekki í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif, innan sveitarfélags, sem verða vegna framkvæmda eða landnotkunar í nágrennasveitarfélögum. Því sé þörf á breyttri stefnu.

Stefna vegna áhrifasvæðis Búrfellslundar verður á þá leið að öll neikvæð umhverfisáhrif sem kunna að verða vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar og geta skert möguleika til landnýtingar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru óheimil innan marka sveitarfélagsins. Til dæmis á þetta við um skuggavarp frá vindmyllum, ískast vegna ísingar á spöðum, skerðingu á víðernum, sýnileika og ásýnd vindmylla ásamt hljóðvist.

Á afþreyingar- og ferðamannasvæði verður heimilt að vera með skálasvæði, áningarstað, gistingu og veitingar í tengslum við útivist. Gert er ráð fyrir að starfsemi verði rekin allt árið. Stærð svæðis er um 2 ha.

Gerð verður breyting á stefnu í greinargerð og sett inn nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði á sveitarfélagsupprætti fyrir afrétt.

Gerð verður grein fyrir nákvæmri afmörkun og stærð skipulagssvæðis í breyttu aðalskipulagi.

### 1.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Með skipulagslýsingu er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar.

## 2 FORSENDUR

Með erindi til Skipulagsstofnunar, dags. 8. júní 2023, óskaði sveitarfélagið eftir því við Skipulagsstofnun að fresta ákvörðun um landnotkun fyrir Búrfellslund í allt að tíu ár skv. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki.

Svar Skipulagsstofnunar er dags. 20. júní 2023. Þar kemur fram að Skipulagsstofnun líti svo á að erindi Skeiða- og Gnúpverjahrepps feli í sér tilkynningu til stofnunarinnar um þá ákvörðun sveitarstjórnar að fresta ákvörðun um landnotkun vegna Búrfellslundar í allt að 10 ár.

Í sveitarfélaginu hefur undanfarið farið mikil vinna í virkjanamál og greiningarvinnu á áhrifum orkuframleiðslu á nærumhverfi framleiðslunnar og nærsamfélags orkuframleiðslu almennt. Tölulegar

staðreyndir sýna fram á að nærsamfélagið nýtur takmarkaðs ávinnings af orkuframleiðslunni á meðan efnahagslegur ávinningur kemur fram þar sem orkan er nýtt. Þessi staðreynd gerir það að verkum að orkuvinnsla í sveitarfélaginu þjónar ekki hagsmunum þess til framtíðar í núverandi mynd.

Sveitarstjórn er þeirrar skoðunar að þrátt fyrir að fyrirhuguð bygging Búrfellslundar sé utan marka Skeiða- og Gnúpverjahrepps þá komi vindlundurinn til með að hafa verulega neikvæð umhverfisáhrif innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps og skerða landnýtingarmöguleika þar sem bein áhrif vindlundarins ná yfir sveitarfélagamörk. Áhrifin ná einkum til ferðapjónustu og afþreyingar og áframhaldandi uppbyggingar hennar. Auk þess sem t.d. áhrifa af skuggaflokti og hljóðvist kemur til með að gæta í sveitarfélaginu.

Stefna sveitarfélagsins er að fjölga útivistarleiðum og efla útivistarmöguleika og eftir atvikum tengja leiðir innan sveitarfélagsins við leiðir í nágrennasveitarfélögum. Talsverð umferð hestahópa er um Þjórsárdal, Gnúpverjafrétt og einnig er hluti hópa sem nýtir sér reiðleiðir yfir í Rangárþing ytra og Ásahrepp. Gönguhópum og fólki á reiðhjólum fjölgar stöðugt. Sveitarfélagið metur það að þörf sé fyrir nýjan skála til útivistar í nágrenni við Þjórsá, enda er farvegur árinna fallegur á þessum stað, fjallasýn mikil og skálinn styttr dagleiðir í næstu skála, sem í sumum tilfellum eru óþarflega langar.

### **3 TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR**

#### **3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026**

Skipulag miðhálandis Íslands

Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúruvafars. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálendisins. Stefna um verndun víðerna og náttúrugæða hálendisins verði eftir því sem við á útfærð með hverfisvernd í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, m.a. þannig að í aðalskipulagi verði þau svæði hverfisvernduð sem tilgreind eru í verndarflokki áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða og náttúruverndaráætlun.

Uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða:

- Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi. Gisting er í gistiskálum auk tjaldsvæða. Gert er ráð fyrir ferðapjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímann. Þjónustustarfsemi felst fyrst og fremst í rekstri gistiskála og tjaldssvæða auk fræðslu og eftirlits.

### 3.2 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Markmið fyrir hálendið (kafla 4):


- Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.
- Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.

Markmið fyrir umhverfi og yfirbragð byggðar í dreifbýli og mannvirkja á hálendi (kafla 2.1):

- Mannvirki skulu ekki valda skaða á náttúru- eða menningarminjum.
- Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

Markmið fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði (kafla 2.3.4):

- Fjölga þarf afþreyingarmöguleikum til að styrkja ferðaþjónustu og ferðamenn stoppi lengur.
- Stuðlað verði að eflingu þjónustuvæða svo þau anni þeim fjölda ferðamanna sem þangað sækja.
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.
- Útfærðar verði samfelldar nokkurra daga göngu- og reiðleiðir um sveitarfélagið.
- Við uppbyggingu ferðamannastaða verði hugað að öryggi gesta, m.a. gagnvart veltengingum við fjölfarana vegi.



**MYND 1.** Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, hluti af uppdrætti fyrir afrétti. Nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði verður innan rauða hringsins, utan helgunarsvæðis háspennulína.

### 3.3 Samræmi breytingar við gildandi stefnur

Með breytingunni er stuðlað að verndun víðerna og náttúrugæða og er hún að því leyti í samræmi við landsskipulagsstefnu. Þar sem nýr skáli verður skammt frá Þjórsárdalsvegi og Sultartangavirkjun þá skerðir hann ekki víðerni. Landsskipulagsstefna gerir ekki ráð fyrir skálasvæði við Þjórsá austan Sultartangavirkjunar.

Í aðalskipulagi er stefna um að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins og að það verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar og ferðaþjónustu. Breytingin styður við þessa stefnu.

## 4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð verður breyting á stefnu í greinargerð og á sveitarfélagsupprætti fyrir afrétt.

Í greinargerð verður bætt við stefnu sem nær til áhrifasvæðis Búrfellslundar (eins og hann er settur fram í breyttu aðalskipulagi Rangárþings ytra, dags. 30. mars 2023) innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Áhrif vindlundarins ná talsvert inn í sveitarfélagið þó vindlundurinn sé alfarið utan þess. Stefna vegna áhrifasvæðis Búrfellslundar verður á þá leið að öll neikvæð umhverfisáhrif sem kunna að verða vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar og geta skert möguleika til landnýtingar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru óheimil innan marka sveitarfélagsins. Til dæmis á þetta við um skuggavarp frá vindmyllum, ískast vegna ísingar á spöðum, skerðingu á víðernum, sýnileika og ásýnd vindmylla ásamt hljóðvist.

Sett verður inn nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði austan við Sultartangastöð, skammt frá Þjórsá. Þar verður heimilt að vera með áningarstað, gistingu, tjaldsvæði og veitingar í tengslum við útivist og afþreyingu á svæðinu og í nágrenni þess. Gert er ráð fyrir rekstri allt árið. Svæðið er innan þjóðlendur og marka miðhálendisins. Við staðsetningu svæðisins verður tekið tillit til helgunarsvæðis háspennulína og lágmarks fjarlægðar frá Þjórsá.

## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

### 5.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu verða skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og leitast við að svara matsspurningum.

Líklegt er að stefna í gildandi skipulagi og áhrif af stefnu aðliggjandi sveitarfélags vegna Búrfellslundar verði borin saman við hugmyndir um stefnu í breyttu skipulagi, þ.e. að sett verði inn nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði og mörkuð stefna um áhrifasvæði Búrfellslundar.

## Eftirfarandi eru líklegir valkostir í umhverfismati:

- **Stefna í breyttu skipulagi:** Sett verður inn nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði með heimild fyrir skálasvæði, gistingu, veitingar, afþreyingu og tjaldsvæði. Jafnframt verður mörkuð stefna um að öll neikvæð áhrif sem kunna að verða vegna Búrfellslandar og skert geta möguleika til landnýtingar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru óheimil innan marka sveitarfélagsins. Til dæmis á þetta við um skuggavarp, ískast, skerðingu víðerna, sýnileika og ásýnd vindmylla og hljóðvist.
- **Núll kostur, stefna í gildandi skipulagi:** Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu og leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins. Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru. Mannvirki skulu ekki valda skaða á náttúru- eða menningarminjum.

**TAFLA 1.** Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. <ul style="list-style-type: none"> <li>Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.</li> <li>Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.</li> </ul> Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> <li>Þess verði gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á ásýnd?
<b>Samfélag</b> <i>Íbúar.</i> <i>Ferðaþjónusta.</i>	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu og blómlegt mannlíf til að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.</li> <li>Stuðla að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda í sátt við samfélag og náttúru.</li> </ul> Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana. <ul style="list-style-type: none"> <li>Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálendisins.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á íbúa? Hefur stefnan áhrif á möguleika til landnýtingar?
<b>Hljóðvist</b>	Reglugerð um hávaða nr. 724/2008. <ul style="list-style-type: none"> <li>Hávaði frá umferð og atvinnustarfsemi sé undir viðmiðunarmörkum skv. reglugerðinni.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á hljóðvist innan sveitarfélagsins?



## 6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytingarinnar og gerð deiliskipulags.

Skipulagslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

### 6.1 Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Skógræktin
- Land og skógur
- Ásahreppur
- Rangárþing ytra
- Forsætisráðuneytið

### 6.2 Skipulagsferli

